

Hafnarfirði, 3. júní 2020

2005169 Fyrirspurnir

Á fundi bæjarráðs 20. maí 2020 lagði fulltrúi Samfylkingar Adda María Jóhannsdóttir fram eftirfarandi fyrirspurn:

HS Veitur – Fyrirspurnir – Samningur við Kvikubanka

Þann 22. apríl sl. var samþykkt í bæjarráði af fulltrúum Framsóknar og Sjálfstæðisflokks að hefja undirbúning að sölu hlutabréfa sveitarfélagsins í HS Veitum hf. Ákvörðunin var tekin af þremur fulltrúum tveggja flokka af þeim sex sem sæti eiga í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Þann 7. maí birtist auglýsing í fjölmiðlum um að hafið væri opið sölufjerli á hlutum þar sem fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka, fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar auglýsti eftir kauptilboðum í 15,42% hlut bæjarins í HS Veitum. Bæjarfulltrúar þeirra fjögurra flokka sem sitja í minnihluta voru hvorki upplýstir um að sölufjerli væri hafið né heldur að Kvikubanka hefði verið falið að sjá um það ferli enda hafði málið ekki verið tekið til umfjöllunar á vettvangi bæjarráðs, né heldur bæjarstjórnar. Þessar upplýsingar fengu bæjarfulltrúar minnihlutans því fyrst að lesa um í fjölmiðlum.

Í ljósi þessa óskar fulltrúi Samfylkingarinnar í bæjarráði eftir svörum um eftirfarandi:

- 1. Hvenær var ákvörðun tekin um að fela Kvikubanka að selja eignarhlut Hafnarfjarðarbæjar í HS Veitum og af hverjum (þ.e. á hvaða vettvangi)?*
- 2. Hvers vegna þótti ekki ástæða til að sú ákvörðun væri tekin af bæjarráði?*
- 3. Til hvaða aðila var leitað varðandi það að sjá um sölu fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar?*
- 4. Hvaða forsendur lágu að baki því að Kvikubanka var falið að sjá um sölu?*
- 5. Hvers vegna var samningurinn við Kvikubanka ekki lagður fyrir bæjarráð til umfjöllunar áður en frá honum var gengið?*

Að lokum er óskað eftir því að samningurinn við Kvikubanka verði tekinn fyrir á næsta fundi bæjarráðs og settur undir málið svo bæjarráðsfulltrúar geti kynnt sér hann. Einnig er óskað eftir öllum gögnum sem tengjast samningagerðinni og skýrt geta tilurð þess að samið var við Kvikubanka.

Svar við fyrirspurn:

Við val á ráðgjafa vegna opins sölufjerlis á 15,42% hlut Hafnarfjarðarbæjar í HS Veitum var litið til fjölmargra þátta og var niðurstaða þess mats að ganga til samninga við Kvikubanka. Byggist sú ákvörðun m.a. á eftirtöldum þáttum:



a. Þekking á starfsemi og rekstri HS Veitna, þ.m.t. þeim laga- og eftirlitsramma sem félagið starfar innan.

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka annaðist ráðgjöf fyrir seljendur á um 13% óbeinum hlut í HS Veitum fyrir tæpu ári. Sérfræðingar fyrirtækjaráðgjafar Kviku hafa því mjög nýlega farið í gegnum ítarlega greiningu á fyrirtækinu, framtíðarhorfum og lagaumgerð, og unnið vandað markaðsefni fyrir fjárfesta. Slík greining er tímafrek og byggir bæði á gögnum og talnaefni, sem og samskiptum við stjórnendur fyrirtækisins. Greiningin nær til rekstrar og áætlana hvað varðar fyrirtækið sjálft, væntrar þróunar á markaðssvæði þess og hjá viðskiptavinum, sem og ýmsum ytri þáttum, svo sem vaxtaþróun.

b. Innsýn í áhuga fjárfesta á óskráðu innviðafjárfestingunni HS Veitum.

Nýleg ráðgjöf fyrirtækjaráðgjafar Kviku banka fyrir seljendur á óbeinum hlut í HS Veitum gerir það að verkum að sérfræðingar bankans hafa forskot þegar kemur að innsýn í hvaða fjárfestar hafa áhuga, vilja og burði til þess að kaupa minnihluta í þessu tiltekna fyrirtæki. Starfsemi veitufyrirtækisins og lagaumhverfi, svo sem hvað varðar tekju- og arðsemistakmörk, krefst þess að fjárfestar gefi sér tíma til að setja sig vel inn í fjárfestinguna og einkenni hennar. Hlutverk ráðgjafa í því ferli er afar mikilvægt og getur ráðið úrslitum um að gott verð fáið fyrir eignina þegar upp er staðið.

c. Ásættanleg samningskjör.

Viðræður við fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka leiddu í ljós að bankinn var reiðubúinn til þess að veita afar samkeppnishæf kjör, m.a. vegna þess að unnt er að byggja ofan á nýlega vinnu bankans við söluráðgjöf á óbeinum hlut í HS Veitum. Þóknun bankans er algerlega háð sölu á hlut Hafnarfjarðarbæjar.

d. Lágmarkun áhættu af sölufarli.

Áhættuþættir við að setja óskráð hlutabréf í sölufarli lúta einkum að því að ráðgjafar valdi ekki verkefni sínu, ekki fáið ásættanlegt verð og að eigandi hlutar standi eftir með kostnað án sölu. Kvika banki sérhæfir sig í eignastýringu og fjárfestingarbankastarfsemi og hefur á að skipa einum reyndasta hópi sérfræðinga í fyrirtækjaráðgjöf hér á landi. Þeir sérfræðingar sem annast ráðgjöf við sölu á eignarhlut Hafnarfjarðar í HS Veitum eru með á billinu 12-20 ára reynslu í fyrirtækjaráðgjöf og greiningu. Sama teymi annaðist ráðgjöf fyrir seljendur óbeins eignarhlutar í HS Veitum á síðasta ári með góðum árangri. Fari svo að ekki verði af sölu hlutar Hafnarfjarðar af einhverjum orsökum mun enginn ráðgjafarkostnaður falla á bæinn. Þannig hefur verið leitast við að lágmarka áhættu Hafnarfjarðar af ferlinu eins og kostur er.

e. Markaðsverð bréfanna liggja fyrir sem fyrst.

Af fjölmörgum ástæðum er ákjósanlegt að fyrir liggja sem fyrst hvort af sölu á hlutabréfum Hafnarfjarðar í HS Veitum verður eða ekki. Almennt er ekki æskilegt fyrir seljanda að sölufarli



teygist á langinn, auk þess sem sú áhætta er til staðar í þessu tilviki að annað sveitarfélag verði fyrri til við sölu á sínum hlut og í raun bindi minnihlutaeign Hafnarfjarðar inni í fyrirtækinu til langframa. Það helgast af því að skilyrt er í lögum að meirihluti í félaginu sé ávallt í eigu opinberra aðila. Þar við bætast óvissar efnahagshorfur sem auka hættu á að aðstæður á fjármálamarkaði versni eftir því sem líður á árið. Óvíst er að unnist hefði tími til þess að setja af stað útboðsferli vegna ráðgjafar, vinna greiningar- og markaðsefni, auglýsa opið tilboðsferli, ganga til viðræðna við væntanlega kaupendur og klára frágang viðskipta fyrir sumarleyfi. Það hefði getað orðið til þess að það opna söluferli, sem nú er þegar hafið, hefði ekki farið af stað fyrr en í haust. Auk tafa og aukinnar óvissu er alls óvíst að slíkt ferli hefði skilað hagstæðari samningskjörum fyrir ráðgjafavinnuna.

Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar hefur á undanförunum mánuðum unnið að greiningu á fjárhagslegum afleiðingum Covid-19 faraldursins á rekstrarstöðu sveitarfélagsins og mögulegri fjármögnun viðbragða við þeim með lántökum og sölu eigna. Fyrir liggur að hlutabréf Hafnarfjarðarbæjar í HS Veitum eru óskráð verðbréf í eigu sveitarfélagsins sem innleysa má í opnu söluferli. Eins og fyrr greinir hefur Kvik nýlega annast ráðgjöf við vel heppnaða sölu á óbeinum hlut í HS Veitum, þar sem meðal seljenda voru Tryggingamiðstöðin og sjóður á vegum Íslandssjóða, sjóðastýringafyrirtækis Íslandsbanka, ásamt fleiri fagfjárfestum. Eftir ítarlegt söluferli varð niðurstaðan sú að kaupendur voru Innviðir, fjárfestingarsjóður sem að mestu er í eigu lífeyrissjóða. Því var rökrétt að leita upplýsinga hjá sérfræðingum Kvik banka um möguleika Hafnarfjarðar á sölu hlutabréfa í HS Veitum við núverandi aðstæður. Þær samræður leiddu m.a. í ljós að eignarhlutur í HS Veitum hentar tilteknum langtímafjárfestum mjög vel en tryggja þarf að þeir hafi svigrúm og ítarlegar upplýsingar til þess að kynna sér sérstöðu fyrirtækisins.

Í samræmi við þá matsþætti sem raktir eru í lið a. til e. hér fyrir ofan, var það niðurstaðan að það fæli í sér lágmarks áhættu fyrir Hafnarfjörð að semja við Kvik banka um að annast ráðgjöf við opið söluferli á hlutabréfum bæjarins í HS Veitum. Gengið var til samninga við Kvik banka í kjölfar þess að samþykkt var í bæjarráði að hefja athugun á sölunni.

Við vinnslu þessarar fyrirspurnar var litið til nýlegra fordæma hjá Hafnarfjarðarbæ við sambærilegar ákvarðanir um val á ráðgjöfum vegna sölu á eignarhlutum í eigu bæjarins eða samningum um ráðgjöf vegna endurfjármögnunar.

Nærtækast er að skoða söluna á eignarhlut bæjarins í HS Orku árið 2009. Þáverandi meirihluti taldi ekki þörf á því að leggja fyrir bæjarráð þann ráðgjafasamning sem þá var gerður vegna lögfræðilegrar ráðgjafar í söluferlinu, þótt umfang þeirrar eignasölu hafi verið umtalsvert meira en möguleg sala á eignarhlut bæjarins í HS Veitum er nú. Hefur bæjarstjóri því óskað eftir því að upplýsingar um þá samningagerð og kostnað henni tengdri verði teknar saman og birtar í bæjarráði. Einnig upplýsingar um samningagerð og kostnað við umfangsmikla endurfjármögnun lána bæjarsjóðs árið 2013. En samningur við viðkomandi ráðgjafa var hvorki borinn undir bæjarráð áður né eftir að hann var undirritaður. Upphæð þóknanna sem greidd var vegna ráðgjafar var þó margfalt hærri en möguleg söluþóknun nú til Kvik banka.



HAFNARFJÖRÐUR

Má af þessu sjá að bæjarráð hefur á undanförunum árum ekki fjallað um ráðningarsamninga ráðgjafa í tiltekin verkefni enda hefur það verið á hendi bæjarstjóra að ganga frá ráðningu ráðgjafa í samráði við starfsmenn bæjarins. Eins og fram hefur komið er ráðgjafabókun Kviku banka háð því að hlutur Hafnarfjarðar í HS Veitum verði seldur og liggur fyrir að sú sala, og þar með greiðsla söluþóknunar, mun ekki eiga sér stað nema að lokinni umfjöllun og samþykkt bæjarráðs.

Þá er þess vert að geta að sérstaða þjónustusamninga af þessu tagi er frekar áréttuð í 11. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, þar sem tekið er fram að samningar sem sérstaklega eru undanskildir gildissviði laganna séu m.a. þjónustusamningar er varðar „fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum fjármálagerningum.“